

**From:** Ásta Stefánsdóttir <[asta@blaskogabyggd.is](mailto:asta@blaskogabyggd.is)>

**Sent:** þriðjudagur, 1. desember 2020 14:06

**To:** [kopavogur@kopavogur.is](mailto:kopavogur@kopavogur.is); [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is); [gardabaer@gardabaer.is](mailto:gardabaer@gardabaer.is); [hafnarfjordur@hafnarfjordur.is](mailto:hafnarfjordur@hafnarfjordur.is); [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is); [oddviti@kjos.is](mailto:oddviti@kjos.is); [reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](mailto:reykjanesbaer@reykjanesbaer.is); [grindavik@grindavik.is](mailto:grindavik@grindavik.is); [skrifstofa@vogar.is](mailto:skrifstofa@vogar.is); [afgreidsla@sudurnesjabaer.is](mailto:afgreidsla@sudurnesjabaer.is); [akranes@akranes.is](mailto:akranes@akranes.is); [skorradalur@skorradalur.is](mailto:skorradalur@skorradalur.is); [hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](mailto:hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is); [borgarbyggd@borgarbyggd.is](mailto:borgarbyggd@borgarbyggd.is); [grundarfjordur@grundarfjordur.is](mailto:grundarfjordur@grundarfjordur.is); [helgafellssveit341@gmail.com](mailto:helgafellssveit341@gmail.com); [stykkisholmur@stykkisholmur.is](mailto:stykkisholmur@stykkisholmur.is); [eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is](mailto:eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is); [snb@snb.is](mailto:snb@snb.is); [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is); [bolungarvik@bolungarvik.is](mailto:bolungarvik@bolungarvik.is); [postur@isafjordur.is](mailto:postur@isafjordur.is); [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is); [talknafjordur@talknafjordur.is](mailto:talknafjordur@talknafjordur.is); [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is); [sudavik@sudavik.is](mailto:sudavik@sudavik.is); [arneshreppur@arneshreppur.is](mailto:arneshreppur@arneshreppur.is); [drangsnæs@drangsnæs.is](mailto:drangsnæs@drangsnæs.is); [strandabyggd@strandabyggd.is](mailto:strandabyggd@strandabyggd.is); Húnaþing vestra <[skrifstofa@hunathing.is](mailto:skrifstofa@hunathing.is)>; [valdimar@blonduos.is](mailto:valdimar@blonduos.is); [skagastrond@skagastrond.is](mailto:skagastrond@skagastrond.is); [skaga.byggd@simnet.is](mailto:skaga.byggd@simnet.is); [hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is](mailto:hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is); [akrahreppur@akrahreppur.is](mailto:akrahreppur@akrahreppur.is); [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is); [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is); [fjallabyggd@fjallabyggd.is](mailto:fjallabyggd@fjallabyggd.is); [dalvik@dalvik.is](mailto:dalvik@dalvik.is); [esveit@esveit.is](mailto:esveit@esveit.is); [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is); [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is); [sveitarstjori@grenivik.is](mailto:sveitarstjori@grenivik.is); [sveitarstjori@myv.is](mailto:sveitarstjori@myv.is); [skrifstofa@tjorneshreppur.is](mailto:skrifstofa@tjorneshreppur.is); [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is); [svalbardshreppur@svalbardshreppur.is](mailto:svalbardshreppur@svalbardshreppur.is); [langanesbyggd@langanesbyggd.is](mailto:langanesbyggd@langanesbyggd.is); [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is); [mulathing@mulathing.is](mailto:mulathing@mulathing.is); [skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is](mailto:skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is); [fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is](mailto:fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is); [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is); [postur@vestmannaeyjar.is](mailto:postur@vestmannaeyjar.is); [radhus@arborg.is](mailto:radhus@arborg.is); [myrdalshreppur@vik.is](mailto:myrdalshreppur@vik.is); [klaustur@klaustur.is](mailto:klaustur@klaustur.is); [asahreppur@asahreppur.is](mailto:asahreppur@asahreppur.is); [hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is); [ry@ry.is](mailto:ry@ry.is); [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is); [hve@hveragerdi.is](mailto:hve@hveragerdi.is); [olfus@olfus.is](mailto:olfus@olfus.is); [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is); [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is); [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is); [skagafjordur@skagafjordur.is](mailto:skagafjordur@skagafjordur.is)

**Subject:** Þjóðgarður á miðhálandi

Góðan dag

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 5. nóvember 2020.

### **Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu - 1812008**

Bókun sveitarstjórnar vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur á fyrri stigum lýst andstöðu sinn við fyrirhugaðan hálandisþjóðgarð. Sveitarstjórn fellst ekki á það að 64,5% af því landsvæði sem fellur innan sveitarfélagamarka Bláskógabyggðar verði gert að þjóðgarði. Skipulag og stjórnsýsla svæðisins mun færast frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins, til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna. Umsjón, rekstur og ákvörðunartaka er varða eignir sveitarfélagsins á hálandinu mun færast úr höndum sveitarstjórnar og íbúa sveitarfélagsins til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna.

Sveitarstjórn hefur ítrekað bent á að ekki liggur fyrir greining og samanburður á rekstri þjóðgarða annars vegar og þjóðlendna hins vegar. Aldrei í ferlinu hefur af hálfu umhverfisráðherra verið bent á vankanta núverandi kerfis þjóðlendulaganna hvort sem litið er til þjóðhagslegrar hagkvæmni eða náttúruverndar. Því má leiða líkur að því að raunverulegur tilgangur með stofnun hálandisþjóðgarðs og Þjóðgarðastofnunar sé að færa völd yfir stórum hluta landsins á fáar hendur, ráðherra og embættismanna. Sveitarstjórn telur það ekki góða þróun að sífellt fleiri ákvarðanir er varða hagsmuni og samfélagsgerð sveitarfélaga séu háðar samþykki embættismanna og starfsmanna ríkisstofnana.

Þá telur sveitarstjórn að það sé langt frá því að vera skynsamlegt að stofnaðar verði nýjar ríkisstofnanir af þessari stærðargráðu á þeim tímum sem við nú lifum. Ætla má að stofnun þjóðgarðs á hálandinu og ný ríkisstofnun, Þjóðgarðastofnun, útheimti gríðarlega fjármuni ef vel á að vera og það verður að teljast gagnrýniverð að ekki liggja fyrir ítarleg fjármálaáætlun er varðar málefnið. Í skýrslu þverpólítísku nefndarinnar kom fram að ítarleg fjármögnunaráætlun

sem taki til uppbyggingar og reksturs innviða þyrfti að fylgja frumvarpi um þjóðgarðinn, sveitarstjórn hefur ekki séð slíka áætlun. Þá verður það að teljast umhugsunarvert að á sama tíma og mikill rekstrarvandi blasir við núverandi þjóðgördum telji ráðuneytið sem fer með málaflökkinn það skynsamlegt setja tæp 40% af Íslandi undir slíkt rekstrarform. Þá bendir sveitarstjórn á að fjölmörg ný svæði hafa verið friðlýst á sl árum sem kalla á mikið fjármagn. Mikilvægt er að þeim friðlýsingum fylgi nægt fjármagn ef friðlýsingin á að þjóna tilgangi sínum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hvíkar hvergi frá fyrri bókunum sínum og leggst alfarið gegn stofnun þjóðgarðs á hálendinu. Sveitarstjórn skorar á önnur sveitarfélög í landinu að gera slíkt hið sama og sýna þannig samstöðu í að standa vörð um sveitarstjórnastigið og lýðræðislegan rétt íbúa til að hafa áhrif á og koma að ákvörðunum er varða sitt nærumhverfi.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.